


AFKOMA FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2014

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Afkoma bankans eftir skatta var jákvæð um 8,3 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2014, samanborið við 4,6 ma. kr. á sama tímabili 2013. Munurinn á milli ára liggur að stærstum hluta í hagnaði vegna sölu eignarhluta í aflagðri starfsemi.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 19,3% (1F2013: 12,2%), þrátt fyrir að eigið fé bankans hækkaði um 15% á milli ára frá 152 ma. kr. í 175 ma. kr.
- Eiginfjárhlutfall heldur áfram að styrkjast, var 30,3% (2013: 28,4%) og eiginfjárhlutfall A (Tier 1) 27,0% (2013: 25,1%), sem skýrist að hluta af 2% lækkun áhættugrunns (RWA) á fyrsta fjórðungi í 644 ma. kr. (2013: 660 ma.kr.).
- Hreinar vaxtatekjur voru 6,6 ma. kr. (1F2013: 7,5 ma. kr.) sem er lækkun um 11,1% milli ára. Vaxtamunur var 3,0% á fyrsta ársfjórðungi 2014 (4F2013: 3,1%) og er nú orðinn stöðugur.
- Hreinar þóknatekjur voru 2,9 ma. kr. á 1F2014 (1F2013: 2,5 ma. kr.) sem er hækkun um 16,4% á milli ára og má að mestu rekja til markaða, viðskiptabanka, eignastýringar og dótturfélaga bankans.
- Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði í 55,1% (1F2013: 67,1%); lækkunina má rekja til til fækkunar starfsmanna og áframhaldandi kostnaðaraðhalds.
- Frá stofnun bankans hafa um 35.900 einstaklingar og um 4.160 fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema 555 ma. kr.
- Öllum stórum málum sem lúta að fjárhagslegri endurskipulagningu hefur nú verið lokið. LPA hlutfallið var 7,8% (2013: 8,3%) og þau smærri mál sem eftir standa munu hvert fyrir sig hafa lítil áhrif á hlutfallið. Hlutfall vanskila umfram 90 daga var 3,8% (2013: 3,5%) og jókst tímabundið vegna loka endurskipulagningar á stórum viðskiptavinum.
- Heildareignir voru 884 ma. kr. (2013: 866 ma. kr.), sem er 2% aukning frá árslokum 2013.
- Heildarinnlán jukust í 530 ma. kr. úr 519 ma. kr. í lok árs 2013, sem má rekja til eðlilegra sveiflna í innlánnum frá viðskiptavinum og fjármálastofnunum.


HAGNAÐUR EFTIR SKATTA

m.kr.



ARÐSEMI EIGIN FJÁR

%



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

„Við erum ánægð með afkomu fyrsta ársfjórðungs þar sem við sjáum aukna arðsemi, hækkun þóknatekna og áframhaldandi lækkun kostnaðar milli ára. Svo virðist sem markaðurinn hafi tekið við sér sem endurspeglast í aukinni eftirspurn eftir útlánnum sem hafa vaxið um 2% frá áramótum. Grunnrekstur bankans styrkist og 16% aukning var á þóknatekjum á milli ára.“

Hagræðingarverkefni hafa gengið vel, við höfum haldið áfram að hagræða í útibúaneti bankans og nýverið var tilkynnt um sameiningu tveggja útibúa og breytingu á afgreiðslu bankans í Kringlunni í sjálfsafgreiðslu. Raunlækkun á stjórnunarkostnaði var 7,4% á milli ára og kostnaðarhlutfallið var 55,1% sem er í takt við langtímaáætlanir bankans.

Eftir lok fyrsta ársfjórðungs gaf Íslandsbanki út skuldabréf í evrum að upphæð 100 milljónir evra (15,6 ma. kr.), sem er fyrsta evru útgáfa hjá íslenskum banka og markar tímamót fyrir bankann og íslenskt fjármálakerfi.

Nú sér til lands hvað varðar leiðréttingu húsnæðislána að hálfu stjórnvalda. Starfsfólk bankans hefur unnið að því að undirbúa það verkefni og hvetjum við alla viðskiptavinum okkar til að sækja um leiðréttinguna og að nýta sér skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar“

Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill – Tinna Molphy, tinna.molphy@islandsbanki.is og í síma: 440 3187.
- Upplýsingafulltrúi - Dögg Hjaltalín, dogg.hjaltalin@islandsbanki.is og í síma 440 3925.

HELSTU TÖLUR	31.03.14	31.12.13
Efnahagsreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Heildareignir	884	866
Heildarútlán	614	599
Heildarinnlán	530	519
Eigið fé	175	167
Innlánahlutfall	86%	87%
Eiginfjárhlutfall A (T1)	27,0%	25,1%
Eiginfjárhlutfall	30,3%	28,4%

HELSTU TÖLUR	1Q14	1Q13
Rekstrarreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Arðsemi eigin fjár	19,3%	12,2%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	10,2%	6,2%
Hagnaður eftir skatta	8,3	4,6
Hagnaður af reglulegri starfsemi	4,4	2,4
Kostnaðarhlutfall	55,1%	67,1%
Vaxtamunur	3,0%	3,6%

REKSTRARREIKNINGUR

m.kr.	1F14	4F13	1F13	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur	6.646	6.547	7.473	28.430	32.940
Hreinar þóknatekjur	2.854	2.849	2.452	10.433	9.459
Hreinn gengishagnaður (tap)	(291)	(1.117)	(1.563)	(2.423)	2.737
Hreinar fjármunatekjur	863	2.748	881	4.612	1.517
Aðrar rekstrartekjur	1.113	101	415	1.545	996
Rekstrartekjur samtals	11.185	11.129	9.658	42.597	47.649
Laun og launatengd gjöld	(3.439)	(3.490)	(3.468)	(13.361)	(13.080)
Annar rekstrarkostnaður	(2.470)	(4.439)	(2.768)	(12.190)	(11.509)
Stjórnunarkostnaður	(5.910)	(7.929)	(6.236)	(25.551)	(24.589)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	0	0	0	(425)
Iðgjald í Tryggingasjóð innistæðueigenda og fjárfesta	(258)	(263)	(246)	(1.016)	(1.055)
Bankaskattur	(592)	(2.113)	(67)	(2.321)	(858)
Rekstrarkostnaður samtals	(6.760)	(10.305)	(6.549)	(28.888)	(26.927)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána og krafna	4.425	824	3.109	13.709	20.722
Virðisbreyting útlána og krafna	1.520	7.893	2.993	16.299	5.710
Hagnaður fyrir skatta	5.946	8.717	6.102	30.008	26.432
Tekjuskattur	(1.394)	(2.501)	(1.448)	(7.866)	(6.253)
Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	4.552	6.216	4.654	22.142	20.179
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	3.744	1.456	(69)	927	3.239
Hagnaður tímabilsins	8.296	7.672	4.585	23.069	23.418


*Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður án einskiptisliða s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningsskilaáferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar og nettó hagnaðar vegna aflagðrar starfsemi.

TEKJUR

- *Heildar rekstrartekjur* námu 11,2 ma. kr. á 1F2014, samanborið við 9,7 ma. kr. á 1F2013.
- 85% af rekstrartekjum bankans eru í formi vaxta- og þóknatekna, sem er í samræmi við áherslu bankans á grunntekjur og það markmið að að skapa stöðugt sjóðstreymi til langs tíma.
- *Hreinar vaxtatekjur* námu 6,6 ma. kr. (1F2013: 7,5 ma. kr.) og hafa lækkað um 11,1% í takt við áætlanir eftir því sem afföll á yfirteknu lánasafni eru tekjufærð.
- Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, var 3,0% (4F2013: 3,1%). Vaxtamunur hefur nú náð jafnvægi eftir að hafa verið hlutfallslega hár af ýmsum ástæðum, s.s. vegna tekjufærslu affalla og hárrar verðbólgu.
- Verðtryggingarójöfnuður bankans var 5 ma. kr. í lok mars. Honum hefur verið stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og vörubróun á bundnum verðtryggðum innlánum.
- *Hreinar þóknatekjur* jukust í 2,9 ma. kr. (1F2013: 2,5 ma. kr.) sem er hækkun um 16,4% á milli ára og má að mestu rekja til markaðsviðskipta, viðskiptabanka, eignastýringar og dótturfélaga bankans.
- *Hreint gengistap* á tímabilinu nam 291 m. kr., samanborið við 1,6 ma. kr. tap yfir sama tíma 2013. Gjaldeyrisójöfnuði bankans er stýrt innan vel skilgreindra marka. Fjárhæð erlendra eigna var 24,3 ma. kr. umfram skuldir í lok tímabilsins (2013: 23,7 ma. kr.), eða um 14% af eigin fé.
- *Hreinar fjármunatekjur*, sem að stærstum hluta eru vegna gangvirðisbreytinga á hlutabréfum í Sjóvá, námu 0,9 ma. kr., sem er svipað og á fyrsta fjórðungi 2013.
- *Aðrar rekstrartekjur*, sem samanstanda að megninu til af endurheimtu krafna, leigutekjum, tekjum vegna þjónustusamninga og aflagðrar starfsemi, námu 1,1 ma. kr., samanborið við 415 m. kr. á 1F2013.


HREINAR VAXTATEKJUR

m.kr.



HREINAR ÞÓKNATEKJUR

m.kr.



REKSTRARREIKNINGUR – frh.

KOSTNAÐUR

- Kostnaðarhlutfall í lok tímabilsins lækkaði í 55,1% (1F2013: 67,1%), sem er í takt við langtímamarkmið um 55% kostnaðarhlutfall. Kostnaðarhlutfallið undanskilur bankaskatt og einskiptiskostnað.
- Stjórnunarkostnaður* lækkaði um 5,2% í 5,9 ma.kr. (1F2013: 6,2 ma. kr.) eða um 7,4% m.t.t. verðbólgu. Þetta er takt við áherslur bankans að lækka kostnað og árangur í lykilverkefnum bankans er snúa að skilvirkum rekstri og hagræðingu.
- Laun og launatengd gjöld* námu 3,4 ma. kr., sem er lækkun um 0,8% á milli ára. Lækkunina má að nokkru rekja til lækkunar fjársýsluskatts á laun sem er hluti af þessum lið, en skatturinn sem nam 6,75% 2013 er nú 5,5%. Á tímabilinu tók gildi 2,8% samningsbundin launahækkun, en til samanburðar hefur launavísitalan hækkað um 4,4% yfir milli ára.
- Meðalfjöldi stöðugilda samstæðunnar var 1.125 á fyrsta ársfjórðungi sem er 11% fækkun frá sama tímabili 2013. Heildarlaun eru reiknuð út frá starfsmannafjölda samstæðunnar.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 977 á fyrsta ársfjórðungi sem er 7,5% fækkun frá sama tímabili 2013.
- Annar rekstrarkostnaður* lækkaði um 10,8% á milli ára, í 2,5 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2014 úr 2,8 ma. kr. á sama tímabili 2013.
- Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda* var 258 m.kr. Framlagið sveiflast með heildar innstæðum og lægri áhættuvigt vegna hækkunar á eigin fé bankans og lægra hlutfalls eigna í endurskipulagningu (LPA).
- Virðisbreyting útlána og krafna* nam 1,5 ma.kr. sem er 49% lækkun frá fyrra ári (1F2013: 3,0 ma. kr.).


SKATTAR OG GJÖLD TIL RÍKISSTOFNANA

- Skattheimta á fjármálafyrirtæki hefur aukist töluvert á undanförunum árum, m.a. með hinum tímabundna bankaskatti og álagningu sérstaks 6% fjársýsluskatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma. kr.
- Tekjuskattur* var 1,4 ma. kr. sem er lækkun um 3,8% frá sama tímabili 2013. Virkur tekjuskattur var 23,4%, samanborið við 23,7% á 1F13.
- Bankaskattur* var 592 m.kr. samanborið við 67 m.kr. fyrir sama tímabil 2013. Nýjar reglugerðir hafa aukið skattprósentuna úr 0,041% af heildarskuldum síðasta árs, í 0,376% af skuldum umfram 50 ma. kr. Hækkunin á bankaskattinum árið 2013 var bókfærð á fjórða ársfjórðungi 2013, sem útskýrir hærri fjárhæð þann fjórðung.
- Fjársýsluskattur á laun sem er nú 5,5% en var 6,75% 2013 og reiknast á launagreiðslur, nam 152 m.kr. samanborið við 192 m.kr. á 1F2013.
- Kostnaður vegna FME og umboðsmanns skuldara var 88 m kr. samanborið við 115 m.kr. á 1F2013.
- Skattar og gjöld greidd til ríkisstofnana námu samtals 2,5 ma. kr. á tímabilinu, samanborið við 2,1 ma. kr. á fyrsta fjórðungi 2013, sem er hækkun um 21% á milli ára.

HAGNAÐUR AF AFLAGÐRI STARFSEMI


- Hagnaður af aflagðri starfsemi* eftir skatta var 3,7 ma. kr., samanborið við 69 m.kr. tap á sama tíma 2013. Hagnaðurinn á 1F14 var vegna sölu á dótturfélögum í óskyldum rekstri.
- Í framhaldi af sölu á þessum eignarhlutum hafa eignir í liðnum fastafjármunir og aflögð starfsemi á efnahagsreikingi helmingast frá árslokum 2013. Þetta er í takt við stefnu bankans um að selja eignir í óskyldum rekstri eftir fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.

VAXTAMUNUR




REKSTRARKOSTNAÐUR

% (án afskriftar viðskiptavildar)




KOSTNAÐARHLUTFALL

% (án bankaskatts of einskiptiskostnaðar)



SKATTAR OG GJÖLD	1F14	1F13
	m. kr.	m. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjuskattur	1.394	1.448
Bankaskattur	592	67
Fjársýsluskattur	152	192
FME og umboðsmaður skuldara	88	115
Tryggingasjóður Innstæðueigenda og fjárfesta	258	246
Samtals	2.484	2.068

SKIPTING REKSTRARTEKNA




REKSTRARREIKNINGUR – frh.

HAGNAÐUR

- *Hagnaður eftir skatta* var 8,3 ma. kr., samanborið við 4,6 ma. kr. á 1F2013.
- *Arðsemi eigin fjár* var 19,3% á fjórðungnum (1F2013: 12,2%), sem er vel yfir langtímamarkmiði bankans um 12% arðsemi eigin fjár. Hækkun arðsemi milli ára er aðallega drifin af lækkun kostnaðar og hagnaði af aflagðri starfsemi.
- *Hagnaður af reglulegri starfsemi* nam 4,4 ma. kr. sem er töluverð hækkun frá 1F2013 þegar hagnaðurinn var 2,4 ma. kr. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 10,2%.

HEILDAREIGNIR

ma. kr.




EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR, m.kr.	31.03.2014	31.12.2013	31.12.2012
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	136.735	111.779	85.500
Afleiðusamningar	1.328	843	127
Skuldabréf og skuldagerningar	76.165	75.186	64.035
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	11.795	9.208	10.445
Útlán til lánastofnana	47.895	44.078	54.043
Útlán til viðskiptavina	565.952	554.741	557.857
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	1.556	1.563	503
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.691	8.772	5.579
Óefnislegar eignir	292	299	261
Tekjuskattsinneign	1.155	1.275	864
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	24.116	47.106	39.046
Aðrar eignir	8.363	11.159	5.115
Eignir samtals	884.043	866.009	823.375


EIGNIR

- *Skuldabréf og skuldagerningar* voru 76 ma. kr., sem samanstanda aðallega af ríkisskuldabréfum útgefnum af G5 ríkjum sem eru hluti af lausafjár safni bankans.
- *Hlutabréf og eiginfjárgerningar* voru 11,8 ma. kr. sem er hækkun frá 9,2 ma. kr. í lok árs 2013. Breytingin er aðallega vegna gangvirðisbreytinga á hlutum bankans í Sjóvá.
- *Lán til viðskiptavina* námu 566,0 ma. kr. (2013: 554,7 ma. kr.), sem er 2% hækkun á milli fjórðunga. Endurgreiðslur lána hafa þó áfram mikil áhrif þar sem viðskiptavinar nýta öll tækifæri til að lækka skuldsetningu.
- Endurskipulagningu stærstu fyrirtækjaútlána lauk á árinu 2013. Endurskipulagningu allrar lánabókarinnar verður lokið fyrir árslok 2014.
- Gæði eignasafns héldu áfram að aukast, en hlutfall lána í endurskipulagningu (LPA) er nú 7,8% samanborið við 8,3% við árslok 2013. Þau minni mál sem enn er ólokið munu hvert um sig hafa lítil áhrif á hlutfallið.
- Hlutfall vanskila umfram 90 daga var 3,8% (2013: 3,5%) og jókst tímabundið vegna loka endurskipulagningar á stórum viðskiptavini.
- *Fastafjármunir til sölu* lækkuðu í 24,1 ma. kr. (2013: 47,1 ma. kr.), sem er 49% lækkun milli fjórðunga.
- *Heildareignir* bankans námu 884 ma. kr., samanborið við 866 ma. kr. í árslok 2013 sem jafngildir 2% aukningu.

LÁN Í ENDURSKIPULAGNINGU (LPA)



ÚTLÁN TIL VIÐSKIPTAVINA




EFNAHAGSREIKNINGUR – frh.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	31.03.2014	31.12.2013	31.12.2012
Afleiðusamningar og skortstöður	8.806	11.176	18.435
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	26.847	29.689	38.272
Innlán viðskiptavina	502.925	489.331	471.156
Lántaka	95.035	89.193	66.571
Víkjandi lán	21.437	21.890	23.450
Skattskuldir	11.673	10.826	2.072
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	3.447	9.456	6.805
Aðrar skuldir	38.501	37.130	48.954
Skuldir samtals	708.670	698.691	675.715
Eigið fé samtals	175.373	167.318	147.660
Heildarskuldir og eigið fé	884.043	866.009	823.375


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

- *Innlán viðskiptavina* hafa verið stöðug og námu 503 ma. kr., samanborið við 489 ma. kr. við árslok 2013. Hlutfall innlána á móti útlánum var 84,6% (2013: 86,7%) en hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánum til viðskiptavina hækkaði í 88,9% úr 88,2% við lok árs 2013.
- *Innlán lánastofnana og Sí lækkuðu* í 26,8 ma. kr. úr 29,7 ma. kr. í desember 2013. Þessi innlán eru í eðli sínu kvikari en hefðbundin innlán og sveiflast meira á milli tímabila.
- *Lántaka* nam 95,0 ma. kr. (2013: 89,2 ma. kr.) sem er 6,5% hækkun frá árslokum 2013. Þar af voru sértryggð skuldabréf 27,1 ma. kr. og skuldabréf 8,0 ma. kr.
- *Víkjandi lántaka* bankans nam 21,4 ma. kr. en um er að ræða Tier 2 bréf að fjárhæð 138 milljónir evra sem er á gjalddaga árið 2019.
- *Heildarskuldir* námu 708,7 ma. kr. (2013: 698,7 ma. kr.).
- *Eigið fé* bankans var 175 ma. kr., sem er hækkun um 4,8% frá árslokum 2013 og 15% hækkun á milli ára.
- Eiginfjárlutfall bankans hækkaði í 30,3% (2013: 28,4%), þar af var eiginfjárlutfall A (Tier1) 27,0% samanborið við 25,1% í lok árs 2013.
- Skuldsetningarhlutfall (leverage ratio) er afar hátt í alþjóðlegum samanburði og var 19,1%, samanborið við 18,6% við árslok 2013.

INNLANAHLUTFALL



EIGINFJÁRLUTFÖLL



FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Basel III lausafjárlutfall bankans (LCR) var 134% í mars 2014 en samkvæmt nýju lausafjárreglum Seðlabanka skal hlutfallið ekki vera lægra en 70% en krafan hækkar í skrefum upp í 100% árið 2017.
- Fyrstu evruútgáfu bankans að fjárhæð 100 m. evra lauk í maí og fylgir í kjölfar lánshæfismats frá S&P (BB+/B með stöðugum horfum) og vel heppnaðra útgáfa í sænskum krónum í desember og mars.
- Kjörin halda áfram að batna. SEK útgáfan í desember var gefin út með 400 punkta álagi yfir Stibor og mars útgáfan með 330 punkta álagi.
- Skuldabréfin voru gefin út undir USD275m GMTN útgáfuramma bankans og eru skráð í írsku kauphöllinni.
- Íslandsbanki hefur fest sig í sessi sem stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa á Íslandi og er stefna bankans að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega. Bankinn gefur einnig reglulega út skammtímavíxla.
- Veðsetning er áfram hófstíllt, en veðsettar eignir sem hlutfall af heildareignum voru 13% við lok mars 2014.

FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjors á neðangreindum dagsetningum, þær eru birtar með fyrirvara um breytingar:

- Þögult tímabil 10. – 20. ágúst 2014
- 2F14 – 21. ágúst 2014
- Þögult tímabil 9. – 19. nóvember 2014
- 3F14 – 20. nóvember 2014
- 4F14 – febrúar 2015

Allar upplýsingar um afkomu bankans má finna á www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl